



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík sími 464-6100 nordurthing@nordurthing.is

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Húsavík, 27. febrúar 2020
nr. erindis 202002045 BJP

Á fundi byggðarráðs Norðurþings þann 27. febrúar 2020 var lagt fram bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem kynnt eru drög að frumvarpi um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem liggja til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Byggðarráð samþykkti að fela sveitarstjóra að senda inn eftirfarandi athugasemd við ofangreind drög að frumvarpi:

Byggðarráð Norðurþings vill koma því á framfæri við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, til samræmis við fyrri umsögn sveitarfélagsins vegna þingsályktunartillögu um sama mál, að ekki sé hægt að fallast á að kostnaður vegna sameininga sveitarfélaga skuli greiddur af Jöfnunarsjóði án sérstakra aukaframlaga úr ríkissjóði eins og gert er ráð fyrir í 12. gr. frumvarpsins.

Ef frumvarpið hlyti samþykki Alþingis væri sjóðnum gert að halda eftir allt að einum milljarði króna af tekjum sínum til að mæta útgjöldum vegna sameininga sem að óbreyttu mun hafa óásættanleg áhrif á það jöfnunarkerfi sem sveitarfélög um allt land stóla á að Jöfnunarsjóður vinni eftir. Það er mjög miður ef málið fær þessa niðurstöðu þar sem stjórnvöld hafa sjálf byggt undir væntingar um annað í aðdraganda þess að frumvarpið var birt. Það er mat byggðarráðs að ákvæði 12 gr. stangist mjög á við m.a. markmið áður samþykkrar stefnumótandi áætlunar um málefni sveitarfélaga og aðgerðaáætlunar sem henni fylgdi.

Af þessum sökum er farið þess á leit við ráðherra að ákvæði um ofangreint verði einfaldlega breytt til samræmis við væntingar sveitarfélaga um að ríkissjóður taki meiri þátt í því mikilvæga verkefni að endurskipuleggja íslenska sveitarstjórnarkerfið.

Aðrar athugasemdir eru ekki gerðar við frumvarpið af hálfu byggðarráðs Norðurþings.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Norðurþings

Berglind Jóna Þorlákssdóttir
Skrifstofu- og skjalastjóri
Norðurþing - Húsavík